

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. júlí 2023  
UST202306-443/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdalýsing**

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE) áformar uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu á 30.000 m<sup>2</sup> lóð innan lóðar Kleppsspítala. Húsnæðið á að þjóna sem höfuðstöðvar þeirra, en nú eru þær dreifðar um höfuðborgarsvæðið. Húsnæðið á því að hýsa Ríkislögreglustjóra, lögreglustjórán á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæsluna, Tollgæsluna, Neyðarlínuna, yfirstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu.

#### **Græn svæði**

Umhverfis Kleppsspítala er stórt grænt og velgróið svæði, en gegnið hefur verið nokkuð á óbyggð og lítið byggð svæði í Reykjavík undanfarið. Velgróin svæði líkt og þarna gætu vel orðið útivistarsvæði í framtíðinni en sýnt hefur verið að gróin útivistarsvæði hafa verulegt gildi þegar að lífsgæðum í þéttbýli kemur.

#### **Valkostir**

Í matskyldufyrirspurninni er því líst hvernig val á staðsetningu fór fram en í valkostagreiningunni eru svo einungis tekinn fyrir aðalvalkosturinn sem var valin og núllkostur. Í ljósi þess að sjá valkostur sem valinn var sem aðalvalkostur er grænt, lítið byggð svæði hefði einnig mátt meta valkost sem væri á þegar röskuðu svæði eða á endurhönnunarreitum sem eru margir við Sæbrautina og í Ártúnsbrekku.

#### **Niðurstaða**

Þrátt fyrir ofantalið þá metur Umhverfisstofnun það sem svo að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Rakel Sæmundsdóttir,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**